



UST

**Umhverfisstofnun**

Environment and Food Agency of Iceland

Suðurlandsbraut 24  
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000

Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is

www.umhverfisstofnun.is

Skipulagsstofnun  
Rúnar Dýrmondur Bjarnason  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. apríl 2006  
Tilvisun: UST20060300091/sf

## Stækkun þorskeldis í Álftafirði og Seyðisfirði við Ísafjarðardjúp. Matsskylda.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 16. mars sl. þar sem óskað er álitis Umhverfisstofnunar á því hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum, að teknu tilliti til 3. viðauka í lögum nr. 106/2000.

### Framkvæmdalýsing

Í tilkynningu um framkvæmdina kemur fram að Hraðfrystihúsið – Gunnvör hf (HG) áformar að auka þorskeldi í Álftafirði og Seyðisfirði, þ.e. slátra árlega á milli 300-400 tonnum af áframeldisþorski og setja út í sjókvíar á milli 150-300 þúsund þorskseiði árlega á næstu 3-4 árum. Ef vel gangi eigi það að geta af sér framleiðslu á milli 200-700 tonn árlega og slátrun á milli 500-1000 tonn. Í tilkynningu segir að „ætla má að starfsleyfi upp á 2000 tonn, þ.e. 800 tonn í Seyðisfirði og 1200 tonn í Álftafirði nægi félaginu næstu árin meðan verið er að svara mikilvægum rannsóknasurningum í tengslum við þorskeldi.“

### Umhverfisáhrif

Umhverfisstofnun hefur farið yfir innsend gögn og telur þau lýsa nokkuð vel þeim aðstæðum sem eru á eldisstað og þeim umhverfisáhrifum sem búast má við að fyrirhugað þorskeldi muni valda.

Norska ráðgjafafyrirtækið Akvaplan-niva gerði að beiðni HG rannsóknir á Seyðisfirði og Álftafirði m.t.t. fiskeldis haustið 2002 og fylgir skýrsla um þær rannsóknir með tilkynningu um framkvæmdina. Í þeirri skýrslu kemur m.a. fram að ef farið verður af stað með eldisframleiðslu á st. 1 og st. 4 í Álftafirði og áfram verður framleiðsla á st. 3 ætti að fylgjast reglulega (hvert kynslóðarbil) með botnseti þar sem kannað er TOC, botndýr og súrefnisgildi undir kvíaþyrpingum. Djúpsvæði fjarðarins ætti líka að vakta m.t.t. lágmarksgilda í súrefni. Sams konar mælingar ættu að fara fram vegna fiskeldis í Seyðisfirði. Í kafla 5.2 í tilkynningu framkvæmdaraðila eru tilgreindar aðgerðir sem fyrirhugað er að beita til að takmarka áhrif vegna þorskeldis á svæðinu. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að gerðar verði þær mælingar sem tilgreindar eru í skýrslu ráðgjafafyrirtækisins Akvaplan-niva. Vegna hættu á stroki telur stofnunin jafnframt mikilvægt að fylgst verði með styrkleika kvía og þess gætt að í þeim sé ekki veikleiki.

Í tilkynningu um framkvæmdina kemur fram að fiskur til aleldis er þorskseiði af villtum uppruna sem fönguð eru síðsumars í Ísafjarðardjúpi, ásamt þorski sem kemur úr klaki frá Hafrannsóknarstofnun á Stað í Grindavík. Einnig kemur fram að stefnan sé að notast við kynbættan eldisstofn í framtíðinni verði alvöru þorskeldi að veruleika. Þá kemur fram að nytjafiskur, t.d. þorskur og ýsa, finnst í Álftafirði en hefur aldrei verið nýttur í atvinnuskyni. Í Seyðisfirði er enginn nytjafiskur. Ungviði af hinum ýmsu fisktegundum finnast í Álftafirði og Seyðisfirði sem og öðrum fjörðum í Ísafjarðardjúpi.

Þar sem aleldisstofninn frá Hafrannsóknarstofnun er ekki af svæðinu við Ísafjarðardjúp veldur notkun hans í sér hættu á erfðablöndun við villtan þorskstofn á svæðinu. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að koma í veg fyrir að þorskeldi hafi neikvæð áhrif á villta þorskstofna með „erfðamengun“.

Þar sem þéttleiki í sjókvíum er mikill er alltaf viss hættu á því að sjúkdómar geti breiðst hratt út í sjálfu fiskeldinu og hugsanlega einnig haft áhrif á villta stofna. Í tilkynningu um framkvæmdina kemur fram að þar sem ekki eru komin nothæf bóluefni í þorskeldi gagnvart helstu sjúkdómum eins og Kýlaveikisbróður og Vibrósa má búast við 20-50% afföllum á eldisferlinum.


Vegna sjúkdómahættu og hættu á erfðablöndun verður að mati Umhverfisstofnunar að fylgjast með lífríki fjarðanna, Álftafjarðar og Seyðisfjarðar, til að athuga hvort fiskeldi í þeim hafi áhrif á náttúrulega stofna.


Umhverfisstofnun telur að þar sem um er að ræða starfleyfisskylda framkvæmd megi haga vöktun á rekstri sjókvíaeldisins á þann hátt að ef í ljós kemur að fyrirhugað fiskeldi valdi meiri áhrifum á umhverfið en gert er ráð fyrir megi koma í veg fyrir varanlegan skaða. Stofnunin telur að verði hætt við fiskeldi síðar meir séu framkvæmdirnar þess eðlis að þær séu að mestu afturkræfar.

### Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur, með hliðsjón af fyrirliggjandi upplýsingum ásamt þeim aðgerðum sem fyrirhugað er að beita til að takmarka áhrif þorskeldisins, sbr. kafla 5.2 í tilkynningu um framkvæmdina, að ekki séu líkur á að þorskeldi allt að 800 tonn í Seyðisfirði og 1200 tonn í Álftafirði muni hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif.

Viðingarfyllst

  
Sigurrós Friðriksdóttir  
fagsviðsstjóri

  
Helgi Jónsson  
forstöðumaður